



VEDUR ehf.

Hafnarfirði 14. maí 2004

**UMSÖGN UM ÞINGMÁL NR. 784
-FRUMVARP TIL LAGA UM VEÐURÞJÓNUSTU-**

Vísað er til bréfs Evu Margrétar Ævarsdóttur nefndarritara umhverfisnefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar forráðamanna Veðurs ehf. um nýtt frumvarp til laga um veðurþjónustu.

Undirritaður fyrir hönd Veðurs ehf. lýsir almennri ánægju með frumvarpið enda tekur það með skýrari hætti en tíðkast hefur á hlutverki Veðurstofu Íslands í vaxandi markaðsumhverfi veðurþjónustufyrirtækja.

- Gerð er athugasemd við óljóst orðalag 12. gr. frumvarpsins en þar er gerð sú skylda að Veðurstofa Íslands afhendi gögn sem hún býr til eða aflar...*gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...* eins og segir í orðalagi greinarinnar.

Orðalagið “.....*gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...*” er að okkar mati of opið. Er VÍ í sjálfsvald sett hvað hún telur vera kostnað við afhendingu gagna? Er t.a.m. óbeinn kostnaður talinn hér með. Gerð er tillaga um breytt orðalag þannig að í stað “...*gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...*” komi “**..á kostnaðarverði..**” Greinin hljóði því svo (feitletrun er breyting frá núverandi orðalagi):

12. gr.
Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu **á kostnaðarverði**, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

Fleiri athugasemdir eru ekki gerðar.

f.h. Veðurs ehf.

Sigurður Þ. Ragnarsson framkvæmdastjóri